



Fundargerð

8. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árneseinga bs. og stjórnar Héraðsskjalasafns Árneseinga kjörtímabilið 2022 – 2026. Haldinn á Teams 16. janúar 2023 kl. 8:00.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Sandra Sigurðardóttir, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Gestur Kristjánsson, Jón Bjarnason, Brynhildur Jónsdóttir og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður.

Dagskrá:

1. Fundarsetning

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir komu fram vegna fundarboðs.

2. Húsnæðismál Héraðsskjalasafnsins

Farið var yfir bókun aukafundar Héraðsnefndar sem haldinn var 10. Janúar 2023 á húsnæðismálum Héraðsskjalasafnsins. Samkvæmt grófri áætlun forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins er gert ráð fyrir að kostnaður við að standsetja húsið að Hellismýri sé um 30 milljónir. Héraðsnefnd á húseignina Háheiði 9 á Selfossi. Gert er ráð fyrir að sú eign verði seld til að mæta kostnaði við að standsetja Hellismýri 8. Áætlað er að hægt sé að fá 35-38,5 milljónir fyrir Háheiði 9. Hérðasskjalasafnið á líka arf frá Helga Ívarssyni að upphæð 15 milljónir sem getur nýst við að standsetja safnið að Hellismýri. Af framangreindu er ljóst að söluverð af Háheiði 9 og arfurinn frá Helga Ívarssyni á að duga vel fyrir að standsetja húsið að Hellismýri 8.

Kaupverð á Hellismýri er 194.220.000 milljónir við þá upphæð bætist virðisaukaskvöð að upphæð 20 – 22 milljónir króna. Heildarverð er því 216.220.000 kr. (miðað við hærri tölu í virðisaukaskvöð). Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar óskar eftir samþykki aðildarsveitarfélaganna vegna kaupa og framkvæmda á Hellismýri 8 og þeim lánskuldbindingum sem þeim fylgja að hámarki 216.220.000 kr. Umræða var um lánskjör. Formanni falið að senda erindið á aðildarsveitarfélögin.

Fundi slitið 8:44

Sandra Sigurðardóttir ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Brynhildur Jónsdóttir

Ingibjörg Garðarsdóttir
Gestur Kristjánsson